



Umhverfisskýrsla 2016

**BÍLALEIGA
AKUREYRAR**
— Höldur —

Europcar



Pínar þarfir - okkar þjónusta

Útgefandi: Bílaleiga Akureyrar

Ritstjórn: Jón Gestur Ólafsson

Vilhelm Þorri Vilhelmsson

Myndir: Max Schmidt

Kristján Bjarnason

Jón Gestur Ólafsson

Inngangur

Við hjá Bílaleigu Akureyrar berum virðingu fyrir náttúru landsins og umhverfinu í heild. Við sýnum samfélagslega ábyrgð í okkar rekstri og vinnum að stöðugum umbótum í umhverfismálum.

Í þessari skýrslu leggjum við fram grænt bókhald fyrir þær starfsstöðvar okkar sem vottaðar eru samkvæmt ISO 14001 en það samanstendur af vöktun þýðingarmestu umhverfispáttá í rekstri fyrirtækisins.

Þær upplýsingar sem fram koma í umhverfisskýrslu Bílaleigu Akureyrar ná yfir starfsemi fyrirtækisins í Skeifunni 9, Njarðargötu, Reykjavíkurflugvelli og efnanotkun á starfsstöð okkar í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Ytri þættir eins og veðurfar ráða miklu í þróun einstakra umhverfispáttá og sveiflur milli ára geta verið talsverðar. Hins vegar hefur mikilvægi stýringar og vöktun umhverfispáttá sannað sig á undanförunum árum. Með góðri stýringu náum við að lágmarka orkunotkun og notkun efna til þrifa á markvissan hátt. Einfaldir hlutir eins og að fylgjast með notkun á heitu vatni og stýra notkun eftir þörf hverju sinni skilar góðum árangri.

Bílafloti Bílaleigu Akureyrar telur um 4500 bifreiðar af ýmsum stærðum og gerðum og undanfarin ár höfum við sett okkur markmið um lækkun meðaltals Co2 losunar á bifreiðum okkar. Frá árinu 2008 til 2016 hefur meðaltal Co2 lækkað um 25,89% sem er jákvæð þróun og umfram þau markmið sem sett voru. Viðskiptavinir fyrirtækisins nýta sér í auknu mæli rafbíla og það er mjög jákvæð þróun.

Ég þakka starfsmönnum fyrirtækisins fyrir þeirra framlag að umbótum í umhverfismálum og áhuga á þessum mikilvæga málaflokki.

Það er von okkar að þær upplýsingar sem fram koma í skýrslunni auðveldi almenningi að átta sig á umhverfislegu umfangi í rekstri fyrirtækisins. Allar upplýsingar í þessari skýrslu eru réttar og samkvæmt okkar bestu vitund.




Bergþór Karlsson
Frankvæmdastjóri

Umhverfisstefna Bílaleigu Akureyrar

Okkur hjá Bílaleigu Akureyrar er mikilvægt að starfsemi fyrirtækisins sé í sátt við samfélagið og umhverfið í heild. Við vinnum því að stöðugum umbótum í umhverfismálum til að lámarka umhverfisáhrif af rekstri fyrirtækisins. Bílaleiga Akureyrar stuðlar að aukinni umhverfisvitund starfsmanna og leggur áherslu á ábyrga nýtingu auðlinda, lámörkun úrgangs og losun gróðurhúsalofttegunda

Bílaleiga Akureyrar ætlar að:

- Tryggja að starfsfólk hljóti þjálfun og sé upplýst um umhverfispætti fyrirtækisins og að alltaf sé farið eftir lögum og reglugerðum um umhverfismál.
- Draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá bílafloata fyrirtækisins.
- Flokka þann úrgang sem til fellur hjá fyrirtækinu og virkja starfsfólk til betri nýtingar hráefna og endurnotkunar sé þess kostur.
- Vinna að vöktun umhverfisþátta fyrirtækisins
- Upplýsa viðskiptavini sína um orkusparandi akstur og umgengni við náttúru landsins.
- Halda grænt bókhald og gefa árlega út umhverfisskýrslu til að upplýsa almenning um stöðu umhverfismála hjá fyrirtækinu.
- Styðja landgræðsluverkefni á Íslandi.



Umhverfispættir

Vöktun og stýring umhverfisþátta fer fram í samræmi við skráðar verklags- og vinnureglur. Með vöktun umhverfisþátta aflar fyrirtækið sér mikilvægra upplýsinga. Þær eru meðal annars sá grunnur sem liggur til hliðsjónar þeirra markmiða sem Bílaleiga Akureyrar setur sér í umhverfismálum.

Fyrirtækið flokkar umhverfispætti sína þannig:

- A- Mikilvægur umhverfisþáttur sem nauðsynlegt er að vakta og stýra.
- B- Síður mikilvægur umhverfisþáttur sem nauðsynlegt er að þekkja og stýra en krefst ekki vöktunar.
- C- Lítilvægur umhverfisþáttur sem ekki er nauðsynlegt að viðhalda upplýsingum um.

A- Mikilvægir umhverfisþættir

Eiturefni og hættuleg efni
Eldsneyti (útblastur frá bílum CO₂ g/km)
Spilliefni
Fastur úrgangur
Frárennsli

B- Síður mikilvægir umhverfisþættir

Hjólbarðar
Heitt vatn
Kalt vatn
Rafmagn
Umgengni við náttúruna
Landgræðsla

A Mikilvægir umhverfisþættir

Eiturefni og hættuleg efni

Efnatöku vegna þrifa á bílum, viðgerða og annara þátta er skilgreind sem mikilvægur umhverfisþáttur.

Í innkaupastefnu okkar tökum við fram að við innkaup á eiturefnum og hættulegum efnum skal velja þá vöru sem telst síst skaðleg umhverfinu og heilsu manna ef vörur eru sambærilegar að öðru leyti. Hér fyrir neðan má sjá þróunina frá árinu 2014.

Tafla 1. Eiturefni og hættuleg efni Ltr.

Starfsstöð	2014	2015	2016
Skeifan 9	24.503	20.640	32.950
Keflavíkurflugvöllur	4.192	4.406	6.921
Njarðargata	-	4.845	7.010
Samtals	28.695	29.891	46.881

Eldsneyti / útblástur frá bílum CO₂

Eitt af markmiðum Bílaleigu Akureyrar er að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá bílafloða fyrirtækisins. Meðaltal CO₂ g/km flotans er vaktað í hverjum mánuði og á árinu 2016 lækkaði meðaltalið um 2,52%.

Í töflu 2 má sjá þróun á meðaltali CO₂ g/km á bíl síðastliðin þrjú ár.

Tafla 2. Útblástur CO₂ g/km

	2014	2015	2016
Útblástur CO ₂ g/km.	150,70	143,98	140,35

Spilliefni

Öllum spilliefnum er komið í endurvinnslu eða eyðingu samkvæmt opinberum kröfum og losun er framkvæmd af viðurkenndum aðilum. Í töflu 3 má sjá þróun á magni spilliefna á undanförunum árum.

Tafla 3. Spilliefni Kg.

Skeifan 9	2014	2015	2016
Olíusíur	789	972	1067
Olíumettur úrgangur	111	204	268
Rafgeymar	605	840	624
Úrgangsolía	9.255	11.090	9.210
Önnur spilliefni	10	94	149
Samtals	10.770	13.200	11.318



Fastur úrgangur

Hjá fyrirtækinu er fastur úrgangur flokkaður í almennt sorp, málma, bylgjupappa, pappír og pappa, lífrænt til moltugerðar, plastumbúðir og annan endurvinnsluúrgang.

Í töflu 4 hér fyrir neðan má sjá heildarmagn úrgangs eftir þessum flokkum.

Tafla 4. Fastur úrgangur Kg.

Skeifan 9	2014	2015	2016
Almennt sorp	7.500	8.470	9.364
Málmur	2.760	4.110	6815
Bylgjupappi.	1.392	1.889	3199
Pappír og pappi	995	737	825
Lífrænt til moltugerðar	1.152	1.140	956
Plastumbúðir	-	-	345
Annað til endurvinnslu	920	1.142	55
Njarðargata	2014	2015	2016
Almennt sorp		2.610	3050
Annað til endurvinnslu (Blandað)	-	891	670
Samtals	14.719	20.989	25.279

Frárennsli

Allt frárennsli frá starfsstöðinni í Skeifunni rennur í gegnum sand-og olíuskilju sem staðsett er neðanjarðar. Eðli starfseminnar á Njarðargötu krefst ekki olíuskilju. Upplýsingar um losað magn úr olíuskilju má sjá í töflu 5.

Tafla 5. Frárennsli Ltr.

Skeifan 9	2014	2015	2016
Olíuúrgangur (olíuskilja)	680	340	340

B Umhverfispættir

Hjólbarðar

Bílaleiga Akureyrar leggur áherslu á góða nýtingu hjólbarða og að loftþrýstingur sé ávallt réttur til að komast hjá óþarfa sliti. Vert er að taka fram að öryggissjónarmið eru auk, umhverfissjónarmiða, alltaf höfð að leiðarljósi hvað nýtingu hjólbarða varðar.

Í töflu 6 má sjá upplýsingar um magn hjólbarða sem fer í endurvinnslu.

Tafla 6. Hjólbarðar Kg.

	2014	2015	2016
Hjólbarðar	29.330	48.870	51.040

Orkunotkun

Í töflu 8 má sjá yfirlit yfir orkunotkun frá árinu 2014 en fyrirtækið leggur áherslu á góða stýringu orkunotkunar. Við höfum náð góðum árangri við að draga úr notkun á köldu og heitu vatni þrátt en erfitt hefur verið að draga úr notkun á rafmagn á sama tíma og fjöldi rafbíla hefur aukist.

Tafla 8. Orkunotkun

Skeifan 9	2014	2015	2016
Heitt vatn m ³	11.113	11.717	10.022
Kalt vatn m ³	2.986	2.450	2.299
Rafmagn kWh	114.851	115.908	117.748
Njarðargata	2014	2015	2016
Heitt vatn m ³	-	4948	3975
Kalt vatn m ³	-	529	722
Rafmagn kWh	-	45.689	54.754



Umgengni við náttúruna

Á undanförunum árum höfum við lagt mikla áherslu á upplýsingagjöf um umgengni ferðamanna við náttúru landsins og þeirri vinnu var haldið áfram á árinu.

Þessi upplýsingagjöf fer fram með ýmsum hætti. Viðskiptavinum er afhent tímarit sem fyrirtækið gefur út en þar er meðal annars tekið fram að akstur utan vega sé bannaður, ferðamenn hvattir til að ganga á merktum stígum, flokka sorp og ganga um landið af virðingu.

Á upplýsingaskjá á afgreiðslustöðum okkar er einnig að finna ýmsar upplýsingar um umgengni við náttúru landsins.

Heimasíða fyrirtækisins inniheldur einnig upplýsingar um leiðir til að minnka orkunotkun á akstri og stunda þannig „vistakstur“.



Landgræðsla

Ár hvert setjum við okkur markmið um gróðursetningu og fyrir árið 2016 var það að gróðursetja 2000 plöntur. Starfsfólk frá starfsstöð fyrirtækisins á Akureyri fór í tvær gróðursetningaferðir á Hólasand og starfsmenn í Reykjavík fóru eina ferð og gróðursettu tré í Heiðmörk.. Markmið um gróðursetningu náðist því settar voru niður 2217 plöntur.

Með gróðursetningu leggur fyrirtækið sitt af mörkum til að vega upp á móti hluta þeirra neikvæðu umhverfisáhrifa sem reksturinn hefur í för með sér. Gróðursetning vegur upp á móti losun gróðurhúsalofttegunda með aukinni kolefnisbindingu og þess vegna er þetta jákvæður umhverfisþáttur hjá fyrirtækinu.

Tafla 9. Landgræðsla

	2014	2015	2016
Trjáplöntur	2.134	1.500	2217

